

Ársskýrsla VM 2015



Efnisyfirlit

Ávarp formanns.....	4
Rekstur VM.....	6
Fjöldi félagsmanna og skipting	8
Skipting félagsmanna eftir svæðum.....	10
Kjarasamningar	11
Kannanir	13
Stjórn og varastjórn.....	14
Viðburðadagatal.....	15
Félagsstarf.....	16
Starfsnefndir	16
Lífeyrisnefnd VM	16
Orlofsnefnd VM	17
Laganefnd VM	18
Trúnaðarmenn félagsins og tengiliðir	19
Verðlaun vegna námsárangurs í skóla.....	19
Félagslíf	19



1. maí.....	19
Starf VM innan ASÍ	19
Sjómannadagsráð.....	20
Viðurkenning á Sjómannadaginn 2015	21
Nefndir VM vegna sjávarútvegs	21
Lífeyrissjóðir félagsmanna VM	23
Erlent samstarf	24
Fræðslu- og menntamál VM	24
Menntanefnd ASÍ.....	25
Skólamál	26
Sjóðir VM	30
Orlofssjóður VM.....	32
Virk - Starfsendurhæfingarsjóður.....	34
Styrkir til hjálparsamtaka	34
Akkur.....	34
Lykiltölur úr rekstri VM	35



Ávarp formanns VM

**Með þessa skýru
framtíðarsýn okkar
tókst okkur að vera
mjög áberandi í allri
fjölmíðlaumræðu og
það kemur fram í fjölgun
félagsmanna sem
sjá það að eitt öflugt
landsfélag í vél- og
málmtækni er það sem
koma skal.**

Frá síðasta aðalfundi VM hafa verið miklar sviptingar við gerð kjarasamninga. Ég ætla ekki að fara telja það allt upp hér en sú vegferð endaði með kjarasamningi í janúar 2016. Það sem ég tel mikilvægast af því sem gerðist var að undirbúningur okkar og sú framtíðarsýn sem við lögðum áherslu á kom sterk inn í umræðuna og annars staðar náðum við fram markmiðum okkar. Þessa sýn höfum við mótað innan félagsins með margra ára undirbúningi og gátum því farið með hana fram á skýran hátt. Hún snýst ekki eingöngu um krónu- og prósentuhækkanir. Í henni er líka skýr hugmyndafræði um róttækar breytingar á vinnufyrirkomulagi í okkar greinum. Það kom í ljós að góður undirbúningur skapar forskot. Við eigum að halda áfram að vinna í framtíðinni innan félagsins á öllum þeim sviðum sem við teljum að kalla þurfi fram róttækar breytingar. Í október á þessu ári ætlum við að halda áfram þessari vinnu með kjararáðstefnu um þær breytingar sem við viljum gera.

Við ætlum að fá aðila sem tók þátt í breytingunum í Danmörk til að fara yfir hvernig þetta var gert þar, auk annarra sem málið varðar. Markmiðið er einfalt, hækka þarf dagvinnulaun svo hægt sé að lifa af þeim, eyða yfirvinnu og breyta launakerfum sem byggja á tímaskrift yfir í launaumhverfi sem byggir á faglegri færni og kunnáttu. Með þessa skýru framtíðarsýn okkar tókst okkur að vera mjög áberandi í allri fjölmíðlaumræðu og það kemur fram í fjölgun félagsmanna sem sjá það að eitt öflugt landsfélag í vél- og málmtækni er það sem koma skal.

Auðvitað var margt sem fór öðruvísi en við ætluðum og það voru mikil vonbrigði að samstarf iðnaðarmanna hélt ekki og þar eru mörg erfið mál sem þarf að leysa ef það samstarf á að eiga framtíð fyrir sér. Við sýndum það hins vegar að ef við þurfum þá getum við staðið einir í kjarabaráttu í vél- og málmtækninni til að ná fram markmiðum okkar.

Það er orðin hröð breyting í umhverfi vélstjóra á fiskiskipaflotanum og við erum í mikilli vörn í þessum hröðu breytingum. Það eru hafnar viðræður við SFS (LÍÚ) með það að markmiði að koma á kjarasamningi með bókun um að farið verði í agaða vinnu í öllum stóru málunum, fiskverði, mönnun og mörgu fleira. Í umhverfi sjávarútvegsins verðum við að fara í sömu vinnuna og við gerðum fyrir

félagsmenn VM í landi. Halda kjararáðstefnu og fara í mikla vinnu um hugsanlega nýja nálgun í kjarabaráttu okkar þar. Þessa ráðstefnu munum við halda í byrjun árs 2017 og fá eins marga vélstjóra á fiskiskipum og við getum. Við verðum að snúa vörn í sókn með skýrri framtíðarsýn og hugsanlega með nýjum áherslum. Við erum að eiga við nýjan mótadila sem hefur allt á annarri hendi, veiðar, vinnslu og sölu afurða í krafti sérréttinda sem er vandasamt að kunna að fara með. Að mínu viti hafa þessir aðilar sem nú stýra SFS ekki sýnt það.

Verkfallsaðgerðirnar sem VM undirbjó og setti í framkvæmd á kaupskipum var tíma- mótaáfangi sem skilaði okkar félagsmönnum umtalsverðum kjarabótum. Það voru margir sem höfðu ekki trú á því að við gætum þetta með skipin og áhafnirnar skráðar erlendis, en aðgerðin tókst.

VM átti frumkvæðið að því að vekja athygli á stöðu erlendra starfsmanna hér á landi og eftir það hefur orðið mikill viðsnúningur og átak komið í gang sem mun skila sér í því að tryggja stöðu þessara einstaklinga og um leið að stoppa undirboð á vinnumarkaðinum.

Það er ekki tilgangur stéttarféлага að safna sjóðum. Fjárhagslegt sjálfstæði og festa þarf hins vegar að vera tryggð. Þarna þarf að fara milliveg og gera eins mikið fyrir félagsmanninn og fjármunirnir leyfa hverju sinni. Því hefur stjórn félagsins og stjórn Sjúkrasjóðs unnið eftir.

Þær breytingar sem hafa verið gerðar á síðustu árum á sjúkra- og fræðslusjóði voru gerðar á þessum forsendum. Í dag er VM með einn besta sjúkrasjóð stéttarféлага á Íslandi og vinna stjórnar hans í að koma á jafnvægi á inn og útstreymi í honum er að nást.

Þær miklu framkvæmdir sem stjórn félagsins fór í á Laugarvatni til að auka orlofsaðstöðu félagsmanna mun ljúka á þessu ári. Tjaldsvæðið sem sett var inn í gróinn skóg er til mikillar fyrirmyndar með flottu þjónustuhúsi og fjögur ný orlofshús verða tekin í notkun þar á þessu ári. Samhliða þessu hefur ekkert verið slakað á í viðhaldi eldri eigna eins og félagsmenn hafa orðið varir við. Allar þessar breytingar og framkvæmdir eru merki um það á hvaða vegferð félagið er og fyrir hvað það stendur. Að gera eins mikið og hægt er fyrir félagsmenn á öllum sviðum. Áframhaldandi uppbyggingu á orlofsaðstöðu félagsmanna VM verður markvisst haldið áfram og félagsmenn sjá á hverju ári breytingar sem allar miða að því að efla og bæta hana.

Góð þjónusta og skynsamur rekstur á að vera hornsteinn félags eins og VM. Stjórn og starfsfólk félagsins vinnur út frá þessum gildum og reksturinn gengur vel. Það hefur verið mikið álag á starfsfólki félagsins við kjarasamningsgerð samhliða miklum framkvæmdum vegna orlofshúsa og það á hrós skilið fyrir dugnað sinn og elju fyrir félagið.

Upplýsingamiðlun til félagsmanna er verkefni sem er alltaf í endurskoðun og leitað er leiða til þess að bæta hana eins og hægt er. Það virðist ekki skipta neinu máli hvaða leiðir eru farnar til að auka hana, alltaf er kvartað yfir því að ekki séu allir nægilega upplýstir um gang mála. Þetta er framtíðarverkefni sem alltaf á að vera í umræðunni. Það er hins vegar alveg sama hvað stjórn og starfsfólk leggur sig fram við að gera, ef áhugi félagsmannanna er lítill þá breytist lítið. Við verðum að vera meðvitund um það að það er mikill hraði í okkar samfélagi og margir að stússast í mörgu sem tekur mikinn tíma þannig að þar er hugsanlega hluti af skýringunni að við náum ekki nægilega athygli félagsmanna á því sem við erum að gera.

Stjórn VM hefur það að leiðarljósi að auka hag félagsmannanna og við ætlum að halda áfram á þeirri vegferð. Við erum með skýra framtíðarsýn á öllum okkar verkefnum og málaflokkum.

Á tíu ára afmæli VM hefur tekist að gera félagið öflugt og mótandi á öllum sviðum.

Stöndum saman í því sem framundan er og þá mun okkur farnast vel.



Kveðja,

Guðmundur Ragnarsson,
formaður VM



Rekstur VM

Efni skýrslunnar er flokkað eftir helstu málefnum og stiklað á stóru í máli og myndum frá síðasta aðalfundi, sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 27. mars 2015, fram að aðalfundi 29. apríl 2016.

Tölulegar upplýsingar eru miðaðar við starfsárið 2015 en efnisatriði eru miðuð við tímann milli aðalfunda, þ.e. mars 2015 til mars 2016.

Starfsemi félagsins á árinu 2015 var með hefðbundnum hætti. Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 8,7% frá árinu 2014 á meðan greiddar bætur og styrkir hækka um 17,0% milli ára, eða um 38,0 millj. kr. Greiddar bætur og styrkir nema á árinu ríflega helmingi af tekjum félagsins. Hlutfall launa af tekjum hækkar úr 19,5% í 20,9%, hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum lækkaði úr 19,6% í 17,9% milli ára og rekstur orlofshúsa lækkar um rúm 10,4% milli ára. Á árinu var rekstrartap fyrir fjármagnsliði 69,7 millj. kr. samanborið við 59,8 millj. kr. á árinu 2014.

Raunávöxtun ársins á fjármunum félagsins var jákvæð og í takt við almenna ávöxtun á markaði á sambærilegum verðbréfum. Bókfærður hagnaður af verðbréfasafni hækkar töluvert á milli ára, er 159,2 millj. kr. á árinu en var 44,7 millj. kr. á árinu 2014. Í lok árs er félagið með fjármuni sína í stýringu hjá þremur aðilum og nam raunávöxtun fyrir skatta í heild um 10% árið 2015. Orlofssjóður er með í byggingu fjóra sumarhúsa á Laugarvatni og nam eignfærsla vegna þessara framkvæmda um 135,3 millj. kr. á árinu en alls er búið að eignfæra um 168,3 millj. kr. vegna þeirra á árunum 2013 til 2015.

Hagnaður félagsins á árinu 2015 nam 59,8 millj. kr. samanborið við 20,1 millj. kr. tap árið 2014. Rekstrarafgangur varð á rekstri Félagssjóðs en rekstrartap var á rekstri annarra sjóða. Heildareignir félagsins nema 2.301 millj. kr. og aukast um 109 millj. kr. milli ára. Félagið er með stóran hluta eigna sinni í fjárvörslu og eignastýringu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum eða alls um 1.601 millj. kr. Skuldir félagsins í árslok eru 123 millj. kr. og eigið fé félagsins því 2.177 millj. kr. þann 31. desember 2015 samanborið við 2.101 millj. kr. árið á undan.

Fasteignir félagsins eru að Stórhöfða 25 í Reykjavík þar sem félagið er með aðal starfsstöð sína og eignahlutur í Skipagötu 14 á Akureyri ásamt öðrum stéttarfélögum en þar geta félagsmenn leigt og greitt fyrir orlofshús og íbúðir, náð í lykla að íbúðum í Reykjavík, keypt miða í göngin og á Fosshótel ásamt því að skilað inn umsóknum í sjóði félagsins.

Félagið átti um síðustu áramót 1.738 millj. í bókfærðum eignum. Félagið hafði um 1.329.2 millj.kr. í fjárvörslu og eignastýringu hjá Arion banka og Íslandsbanka.

Starfsmenn VM

**Guðmundur Ragnarsson,**
formaður**Agnes Jóhannsdóttir,**
móttaka og símsvörun**Áslaug R. Stefánsdóttir,**
skrifstofu og fjármálastjóri**Valdís Þóra Gunnarsdóttir,**
sjúkrasjóður og aðalbókari**Elzbieta Sajkowska,**
bókhald og túlkun á pólsku**Særún V. Michelsen,**
fræðslusjóður, skjalavarsla og móttaka**Vignir Eypórsson,**
kjara- og menntasvið**Ebba Ólafía Ásgeirsdóttir,**
umsjónarmaður orlofshúsa

VM AKUREYRI

VIRK STARFSENDURHÆFING

LÖGMENN

**Guðni Gunnarsson,**
kjara- og menntasvið**Halldór Arnar Guðmundsson,**
forstöðumaður kjara- og menntasviðs**Eydís Bjarnadóttir,**
móttaka og símsvörun**Ester Lára Magnúsdóttir,**
ráðgjafi**Hlín Guðjónsdóttir,**
ráðgjafi**Sigurður Þór Sigursteinsson,**
ráðgjafi**Rakei Björk Gunnarsdóttir,**
í fæðingarorlofi**Jónas Haraldsson,**
héraðsdómslögmaður**Jónas Þór Jónsson,**
hæstaréttarlögmaður

Að auki á félagið geymsluaðstöðu í Akralind 1, Kópavogi ásamt öðrum stéttarfélögum.

Félagið á 5 íbúðir í Reykjavík, þar af er ein ætluð sem sjúkraíbúð og er ekki í hefðbundinni leigu, 3 íbúðir á Akureyri og 28 orlofshús. Samtals eru orlofshús félagsins því 36.

Sumarið 2015 var formlega tekið í notkun nýtt þjónustuhús á Laugarvatni fyrir tjaldstæðin en þeim hefur fjölgað mikið og svæðið allt orðið hið glæsilegasta. Einnig var lokið við byggingu áhaldahúss á svæðinu. Orlofshús félagsins eru flest í góðu standi og verið er að byggja 4 ný hús á Laugarvatni sem áætlað er að taka í notkun á árinu.

Reikningar VM endurskoðaðir af Ernst & Young verða lagðir fram á aðalfundinum 29. apríl 2016.

Orlofshús félagsins eru flest í góðu standi og verið er að byggja 4 ný hús á Laugarvatni sem áætlað er að taka í notkun á árinu.

Félagsgjöld

Félagsgjöld eru 0,8% af heildartekjum félagsmanna.
Fóru úr tæpum 168 milljónum 2014 í rúmlega 182 milljónir árið 2015.

Fjöldi launagreiðenda sem skiluðu iðgjöldum til félagsins árið 2015 voru 902 og er það aukning um 65 frá árinu 2014.

Fjöldi félagsmanna og skipting

Árið 2015 greiddu alls 3138 einstaklingar félagsgjöld til VM. Nýir félagsmenn voru 324. Skipting milli kynja er 3089 karlar og 49 konur.

Skráðir félagsmenn, sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorðu, eru 724. Félagsmenn VM eru því rúmlega 3800.


Atvinnulausir félagsmenn voru 31 í desember 2015 og hefur þeim fækkað frá fyrra ári úr 1,8% í 1%.

Í desember 2014 voru þeir 54 eða 1,8% og hafði fjölgað frá 2013 úr 1,5%.




Skipting félagsmanna

eftir störfum árið 2014 og 2015



Skipting félagsmanna eftir störfum árið 2014

Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Fiskiskip	624	20,72%
Farskip	106	3,52%
Landmenn	2281	75,76%
Samtals	3011	100,00%



Skipting félagsmanna eftir störfum árið 2015


Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Fiskiskip	648	20,40%
Farskip	106	3,34%
Landmenn	2422	76,26%
Samtals	3176	100,00%

Á þessum myndum er samanburður milli ára, hlutfall þeirra félagsmanna sem vinna í landi og á sjó. Eins og sést er hlutfallið mjög svipað á milli ára, rúmlega 76% félagsmanna starfa í landi og rúmlega 24% á sjó. Af þeim sem starfa á sjó eru rúm 14% á farskipum og 86% á fiskiskipum.



Skipting félagsmanna eftir svæðum

Á meðfylgjandi mynd má sjá dreifingu félagsmanna VM yfir landið. Eins og sjá má eru flestir búsettir á höfuðborgarsvæðinu.



■ Austurland
 ■ Norðurland
 ■ Vesturland og Vestfirðir
 ■ Höfuðborgarsvæðið
 ■ Suðurland og Reykjanes

Skipting félagsmanna eftir landsvæðum 2015

Austurland	163	4,22%
Norðurland	384	9,94%
Vesturland og Vestfirðir	268	6,94%
Höfuðborgarsvæðið	2419	62,64%
Suðurland og Reykjanes	628	16,26%
Samtals	3862	100,00%



Kjarasamningar

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði runnu flestir út þann 28. febrúar 2015. Skömmu áður, þann 24. febrúar, gerðu landssambönd og félag iðnaðarmanna með sér samkomulag um samstarf í komandi kjaraviðræðum. Samkomulagið tók m.a. til framsetningar á kröfum og markmiðum í aðalkjarasamningum félaganna við SA, samstilltra verkfallsaðgerða og samráðs á vettvangi ASÍ. Megin krafa iðnaðarmanna var endurskoðun á launakerfum með það að markmiði að dagvinnulaun dugi til framfærslu.

Að samkomulaginu stóðu: Rafiðnaðarsamband Íslands, SAMIÐN, Félag bólkagerðarmanna, MATVÍS, Félag hársnyrtisveina og VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna.

Viðræður iðnaðarmanna við SA hófust í kjölfarið en tóku aðra stefnu eftir að Flóabandalagið, VR og Starfsgreinasambandið undirrituðu samninga þann 29. maí. Þeir samningar voru til rúmlega þriggja ára með flókinni útfærslu af launahækkunum sem byggðu á launaþróunartryggingu og minni launahækkunum á hærri heildarlaun. Í samningunum voru einnig

Aðildarsamtök ASÍ undirrituðu nýjan samning við SA þann 21. janúar 2016. Samningurinn byggði á rammksamkomulagi um heildarhækkunir, að meðtöldum 3,5% kostnaði til jöfnunar lífeyrisréttinda, yfir tímabilið frá nóvember 2013 til ársloka 2018.

forsenduákvæði um að þær launahækkunir sem þar var samið um ættu að vera fyrirmynd annarra samninga á vinnumarkaði.

Ákvæði um launaliði í samningum VR, SGS og Flóabandalagsins hentuðu ekki iðnaðarmönnum, sérstaklega útfærsla launahækkana sem byggði á minni hækkunum á hærri heildarlaun. En margir iðnaðarmenn halda uppi heildarlaunum sínum með mikilli yfirvinnu. Þessi mikla vinna átti því að gefa þeim minni launahækkun.

Í viðræðum reyndu iðnaðarmannafélögin að fá sérlausnir sem hentuðu þeim betur en lítið gekk og boðað var til verkfalla. Nokkur iðnaðarmannafélög tóku sig svo út úr samstarfinu og ákváðu að ganga til samninga við SA á forsendum samninga VR og verkamannafélaganna. Það má því segja að samstaða iðnaðarmanna hafi ekki haldið þegar á reyndi. Þegar svo var komið áttu þau félög sem eftir voru ekki annan kost en að undirrita samninga og láta á þá reyna í kosningu. Iðnaðarmannafélögin undirrituðu samninga þann 22. júní um samskonar launahækkun og voru í öðrum samningum en með meiri hækkun lágmarkstaxta. Félagsmenn VM felldu samninginn í kosningu sem lauk þann 14. júlí.

VM undirritaði nýjan samning þann 3. september 2015 með þeirri megin breytingu að launahækkunir áttu að taka mið af grunnlaunum en ekki heildarlaunum. Samningurinn var svo samþykktur með rúmlega 54% atkvæða í kosningu sem lauk þann 22. september.

Á meðan á viðræðum VM við SA stóð voru gerðir samningar við félög opinberra starfsmanna um meiri launahækkunir en samið hafði verið um á almennum vinnumarkaði. Þar með voru forsendur samninga á almenna markaðinum í raun brostnar þegar VM undirritaði sinn aðalkjarasamning við SA. Aðildarsamtök ASÍ undirrituðu nýjan samning við SA þann 21. janúar 2016. Samningurinn byggði á rammksamkomulagi um heildarhækkunir, að meðtöldum 3,5% kostnaði til jöfnunar lífeyrisréttinda, yfir tímabilið frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Samningurinn var samþykktur í sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ sem lauk þann 24. febrúar 2016.

Þegar megin línur launahækkana lágu fyrir var gengið frá öðrum kjarasamningum félagsins. Alls sjö samningum við orkufyrirtækin, þar sem gerðar voru breytingar á launakerfum á þann veg að aukagreiðslur voru færðar inn í grunnlaun. Einnig var gengið frá samningum við ríkið vegna vélstjóra á skipum Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknarstofnunar. Samningi við sveitarfélögin og Faxaflóahafnir og samningi vegna starfa vélstjóra á rannsóknarskipum Neptune.

Kjarasamningur vegna starfa vélstjóra og vélavarda á kaupskipum var undirritaður aðfaranótt 2. febrúar 2016 eftir fjögurra stunda verkfall, sem hófst á miðnætti þann 1. febrúar.

Viðræður um kjarasamning við SFS hófust eftir áramót eftir funduferðir félaganna um áramót þar sem fram kom vilji til að fara í verkfall á fiskiskipum enda hafa samningar sjómannafélaganna við SFS verið lausir frá því í janúar 2011. Viðræður við Landssamband smábátaeigenda um kjör sjómanna á smábátum standa yfir. Viðræður við við Alcan (ÍSAL) enduðu ekki með undirritun kjarasamnings, heldur ákvað Ríkissáttasemjari að setja fram miðlunar-tillögu.



Kannanir

Kjarakönnun á meðal félagsmanna VM sem starfa í landi stóð yfir dagana 28. október til 30. nóvember 2015. Könnunin var blanda af net- og símakönnun þar sem þeim, sem eru á netfangalista félagsins var send könnunin. Hringt var í þá sem ekki eru á netfangalista og þeim boðið að gefa upp netfang sitt til að fá könnunina senda í tölvupósti eða að svara könnuninni í síma. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd könnunarinnar sem tók til septemberlauna árið 2015. Alls tóku 690 þátt í kjarakönnuninni, af 1701, sem gerir 40% svarhlutfall.

Þátttaka í könnuninni hefur aukist ár frá ári og er það vel, þó markmiðinu um 60% þátttöku hafi ekki verið náð. Kjarakönnunin er mikilvægasta verkfærið til að vinna með við mótun kjarastefnu VM og mat félagsmanna á sínum kjörum samanborið við aðra í starfsgreininni.

Til að nálgast meðaltímalaun þátttakenda eru þeir á pakkalaunum aðgreindir frá þeim sem eru á samsettum launum. Meðal tímalaun eru fundin út frá upplýsingum síðarnefnda hópsins. Meðal tímalaun safnsins mældust kr. 2.379 og hafa hækkað um 7,11% frá síðustu könnun, en þá mældust þau kr. 2.221.

Upplýsingar um heildargreiðslur eru vandmeðfarnar fyrir svo fjölbreyttan hóp sem hér um ræðir. Vinnufyrirkomulag og launakerfi þátttakenda er mismunandi þar sem um er að ræða bæði dag- og vaktavinnufólk auk þess sem laun þeirra eru ýmist pakkalaun eða samsett. Árið 2015 var meðaltal heildargreiðslna allra þátttakenda kr. 625.000 og meðal vinnustundafjöldi á viku var 45 klst. Árið 2014 voru heildargreiðslur kr. 595.000 og vinnustundir á viku 45 klst. Hækkunin milli ára er 5%.

Gengið var frá Almennum samningi VM við SA þann 3. september 2015 og kosningu um samninginn lauk ekki fyrr en þriðjudaginn 22. september. Öðrum samningum var svo lokið eftir það. Því er óvíst hvort umsamdar launahækkunir komi fram í þessari mælingu.

Við sundurliðun á hópa minnkar úrtakið svo að örðugt er að fullyrða um launaþróun einstakra hópa en 57% af úrtakinu er dagvinnufólk á samsettum launum og hækkuðu heildargreiðslur þessa hóps um 7,6% milli ára.

Stjórn og varastjórn

Frá síðasta aðalfundi voru haldnir 10 stjórnarfundir á milli aðalfunda.

Í fjölbreyttu félagi eins og VM eru mörg mál sem stjórn félagsins þarf að fjalla um og oft er mikill hraði á málum loksins þegar þau fara af stað í okkar umhverfi og því þarf oft að bregðast skjótt við. Öllum samþykktum frá síðasta aðalfundi hefur verið fylgt eftir. Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu félagsins með bættum rekstri á öllum sviðum og aukinni þjónustu við félagsmenn.



Stjórn VM skipa frá aðalfundi 2014 til aðalfundar 2016

Guðmundur Ragnarsson, formaður
Samúel Ingvason, varaformaður

Aðalmenn:

Guðmundur Helgi Þórarinnsson
Þorsteinn Hjálmarsson
Andrés Bjarnason
Jón Jóhannsson
Guðmundur Sigurvinnsson
Gunnar Sk. Gunnarsson
Sævar Örn Kristjánsson

Varamenn:

Gylfi Ingvarsson
Guðni Þór Elísson
Sigurður Gunnar Benediktsson
Örn Friðriksson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Valdimar Jóhannsson
Brynjólfur Árnason



Viðburðadagatal

2015

27. mars 2015	Aðalfundur VM
1. maí	1. maí kaffi
18. maí	Fulltrúaráð VM
22. júní	Sumarferð eldri félagsmanna VM
27. júní	Formleg opnun tjaldsvæðis VM á Laugarvatni
1. júlí	Félagsfundur í Reykjavík
6. júlí	Félagsfundur Akureyri
7. ágúst	Golfmót VM
11. ágúst	Félagsfundur í Reykjavík
12. ágúst	Félagsfundur á Akureyri
15. september	Félagsfundur í Reykjavík
17. september	Félagsfundur á Akureyri
28. desember	Félagsfundur á Hornafirði
28. desember	Félagsfundur á Reyðarfirði
29. desember	Félagsfundur á Akureyri
29. desember	Félagsfundur á Grundarfirði
30. desember	Félagsfundur í Reykjavík

Það fyrirkomulag sem tekið hefur verið upp að senda út á netið félagsfundina í Reykjavík er að gefast mjög vel og er í stöðugri þróun.

Fjölmargir vinnustaðafundir hafa verið haldnir vegna endurnýjunar kjarasamninga.

Það fyrirkomulag að senda út félagsfundina frá Reykjavík á netinu, hefur gefist mjög vel og er í stöðugri þróun. Félagið mun halda áfram að þróa þetta fundarfyrirkomulag enda er VM landsfélag með félagsmenn um allt land. Á Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum gátu félagsmenn komið saman og fylgst með fjarfundunum í sal á hverjum stað og var almenn ánægja með það fyrirkomulag.

Félagsstarf

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð VM er stjórn félagsins til ráðgjafar og stuðnings við ýmis stærri málefni í starfsemi félagsins s.s. stefnumótun, kjarasamninga og meiriháttar framkvæmdir á vegum félagsins. Fulltrúaráðið er skipað stjórn og varastjórn félagsins auk trúnaðarmanna og tengiliða félagsins á landsbyggðinni. Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

Í janúar 2015 var haldinn sameiginlegur fundur fulltrúaráðs og samninganefnda VM þar sem farið var yfir stöðu kjaramála og kjarakönnun VM. Í maí 2015 fundaði fulltrúaráðið vegna fyrirhugaðrar vinnustöðvunar þeirra sem starfa á almennum kjarasamningi VM við SA. Farið var yfir sameiginlegar kröfur iðnaðarmanna, fyrirkomulag aðgerða, kosningu um verkfall, greiðslur úr verkfallssjóði og mönnun verkefnahópa.

Starfsnefndir

Fagnefnd sjómanna

Stærsta málið í vinnu nefndarinnar hefur verið vegna forsenda fyrir frávik frá mönnun uppsjáv-arveiðiskipa. Í þeirri vinnu hefur verið útbúið vinnuskjal sem er afstaða VM inn í mönnunarnefnd um forsendur fyrir því að félagið samþykki frávik frá mönnun á þessum skipum. Þar er gerð krafa um að mikil sjálfvirkni sé í skipunum auk annarra þátta. Með þeim forsendum sem VM hefur sett fram er að ekki verði veitt frávik frá fækkun vélstjóra nema að þeim skilyrðum uppfylltum.

Formaður mönnunarnefndar með atkvæðum fulltrúa SFS, hefur úrskurðað um forsendurnar fyrir frávik frá mönnun vélstjóra. Þar er gerð krafa á útgerðirnar um að þær gefi upp heildarmönnun við mismunandi veiðar. Í umsókninni skal líka fylgja lýsing á vinnu- og vaktfyrirkomulagi vélstjóra. Þeim skilyrðum hefur ekki verið fullnægt af hálfu þeirra útgerða sem sótt hafa um frávik og er verið að vinna í því að fá þau gögn. Þá fyrst, þegar fullnægjandi svör frá útgerðunum liggja fyrir verður hægt að taka afstöðu til þess hvort forsendur eru fyrir frávik frá mönnun vélstjóra á viðkomandi skipi. Það verður síðan verkefni nefndarinnar að taka afstöðu til málsins þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir um það hvort útgerðirnar sendi inn fullnægjandi svör. Auk þessa máls hafa ýmis önnur mál sem nefndin fjallar um verið til umræðu í nefndinni.

Lífeyrisnefnd VM

Tvö stór mál liggja nú fyrir sem varða lífeyriskerfi félagsmanna VM og hefur verið umræðuefni lífeyrisnefndarinnar. Það er annars vegar hugmyndir um hækkun lífeyrisaldurs og síðan aukið framlag í sjóðina um 3,5% með nýjum kjarasamningi frá 21. janúar 2016.

Eins og fram kemur í texta kjarasamningsins á eftir að taka ákvörðun um meðhöndlun á þessu viðbótar framlagi þ.e.a.s. hvort allt framlagið eigi að fara í samtryggingasjóðina eða hvort hluti viðbótarframlagsins fari í bundin séreignarsparnað. Þetta eru tvö stór mál þar sem niðurstaða þarf að koma sem fyrst. Það er hlutverk nefndarinnar að móta afstöðu VM til þessara mála.

Þar er gerð krafa um að mikil sjálfvirkni sé í skipunum auk annarra þátta. Með þeim forsendum sem VM hefur sett fram er að ekki verði veitt frávik frá fækkun vélstjóra nema að þeim skilyrðum uppfylltum.

Orlofsnefnd VM

Endurbótum á orlofshúsum félagsins er að mestu lokið. Það er mjög ánægjulegt og stjórn VM er stolt af því að með þessu er búið að koma upp fyrirmyndar aðstöðu fyrir félagsmenn í öllum húsum félagsins. Undanfarið ár hafa staðið yfir miklar framkvæmdir á Laugarvatni við að stækka tjaldsvæðið, auka þjónustu og fjölbreytni á svæðinu. Tjaldstæðum á efra svæðinu var fjölgað verulega og tókst sú framkvæmd með miklum ágætum. Þegar allt var klárt, var til opunarhátíðar laugardaginn 27. júní sl. Samtals eru nú rúmlega 60 tjaldstæði á svæðinu, öll með rafmagni ásamt glæsilegu nýju þjónustuhúsi. Íbúðakaup félagsins í Reykjavík hafa sýnt það að full þörf var á að fjölga þeim og fyrirkomulag á rekstri sjúkra-íbúðarinnar er að koma mjög vel út. Áfram er unnið að framtíðaruppbyggingu orlofsmála félagsins í nefndinni og þar er verið að vinna með ýmsar hugmyndir um að kjarni orlofsstarfsemi félagsins verði á Laugarvatni. Í september var hafist handa við byggingu á fjórum nýjum orlofshúsum á Laugarvatni.



Laganefnd VM

Laganefnd fjallar um breytingar á lögum félagsins komi tillögur þar um.

Trúnaðarmenn félagsins og tengiliðir

Tengiliðir

VM er með tengiliði í Vestmannaeyjum, Grundarfirði, Höfn, Akureyri, Vestfjörðum og í Fjarðabyggð.

Tengiliðir VM eru:

Grundarfjörður: Jósef Kjartansson

Akureyri: Jón Jóhannsson

Vestfirðir: Guðmundur Sigurvinsson

Höfn: Sverrir Þórhallsson

Vestmannaeyjar: Örn Friðriksson

Fjarðabyggð: Óskar Sverrisson

Félagslegir trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn og tengiliðir VM á vinnustöðum eru um 50 talsins.

Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eru fulltrúar félagsins á vinnustað og talsmenn starfsmanna. Á vinnustað koma upp mis erfið mál sem leysa þarf úr. Þá er mikilvægt að tengslin við félagið og fyrirtækin séu góð. Stöðugt er unnið að uppbyggingu trúnaðarmannakerfis félagsins með það að markmiði að auka tengingu félagsins út á vinnustaði.

Verðlaun vegna námsárangurs í skóla

Félagið verðlaunar nemendur sem skara fram úr í námi. Verðlaunin eru afhent á útskriftarhátíðum skólanna. Einnig gefur félagið skólum vinnusloppa með merki félagsins sem nemendum er ætlað að nota við verklegt nám og æfingar.

Félagslíf

VM-kaffið er síðasta föstudag í hverjum mánuði frá september til mars, að desember undanskildum. Jón Sigurðsson félagsmaður okkar hefur umsjón með kaffinu.

1. maí

VM- Félag vélstjóra og málmteknimanna tók þátt í hátíðahöldunum á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks 1. maí. Göngustjórar stýrðu kröfugöngunni. Fluttar voru örræður á leið göngunnar niður Laugavegin og börnum færðar litlar veifur með íslenska fánanum. Að útifundi loknum bauð VM upp á kaffiveitingar í Gullhömrum og var það að venju vel sótt af hálfu félagsmanna. Hugmyndir eru uppi um frekari breytingar á dagskrá hátíðahaldanna með það markmið að auka þátttöku.

Starf VM innan ASÍ

VM er fulltrúi félaga með beina aðild í miðstjórn og samninganefnd ASÍ. Fulltrúar félagsins eru aðalmenn í fjórum fastanefndum ASÍ og varamenn í þremur.

Þar sem endurnýjun kjarasamninga á síðasta ári var ekki á sameiginlegu borði heldur hjá samböndum og félögum innan ASÍ kom samninganefnd ASÍ ekki að þeim fyrr en gerður var kjarasamningur samkvæmt rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins 21. janúar 2016 og hann samþykktur. Ef koma á rammasamkomulaginu frá 27. október 2015 í framkvæmd fyrir lok gildandi kjarasamninga 2018 bíða mörg mál úrlausnar á vettvangi Alþýðusambandsins.

Hvernig tekst til að koma á breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og hvernig aukið framlag í lífeyrisjóði verður afgreitt verða stærstu málin næstu misserin.

VM fór á stað með auglýsingaherferð síðasta haust til að vekja athygli á stöðu erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Þetta varð til þess að ASÍ tók að sér að stýra átaki og samræma aðgerðir stéttarféлага um allt land til að tryggja réttindi þessara einstaklinga og um leið að koma fyrir undirboð á vinnumarkaðnum. Átakið Einn réttur – Ekkert svindl er farið að skila árangri og mun koma sterkt inn á árinu.

Að vanda er fátt sem ASÍ hefur ekki skoðun á í samfélaginu og er framsetning sambandsins mótuð í miðstjórn á öllum þeim ólíku málum sem launþegahreyfingin verður að hafa skoðun á. Laugardaginn 12. mars voru liðin eitthundrað ár frá stofnun Alþýðusambands Íslands og

Hvernig tekst til að koma á breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og hvernig aukið framlag í lífeyrisjóði verður afgreitt verða stærstu málin næstu misserin.

var haldið upp á þann merka atburð víða um land. Það er umhugsunarefni fyrir alla að rýna í sögu sambandsins og skoða hvað samstaða launafólks hefur áorkað miklu.

ASÍ-UNG

Félagsmenn aðildarféлага ASÍ eru um 110 þúsund. Stór hluti þess hóps er á aldrinum 18-35 ára en á þeim aldri er ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum, öðlast mikilvæga starfsreynslu, stofna fjölskyldur og kaupa íbúðarhúsnæði svo eitthvað sé nefnt.

Meðal helstu verkefna ASÍ-UNG er að kynna ungu fólki á vinnumarkaði réttindi þeirra og skyldur og starfsemi stéttarfélaganna, beita sér í málaflökkum sem snerta ungar barnafjölskyldur og standa vörð um sjónarmið ungs fólks gagnvart stjórnvöldum. Þá er ASÍ-UNG ætlað að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks í stefnu verkalýðshreyfingarinnar og að rödd unga fólksins heyrir í starfi og stefnumótun stéttarfélaganna.

Félög með beina aðild að ASÍ

VM er eitt þeirra sjö stéttarféлага sem eru utan landssambanda en með beina aðild að ASÍ. VM hefur leitt innbyrðis samstarf félaganna sem hefur verið með ágætum. Félögin hafa sameiginlegan fulltrúa í miðstjórn ASÍ, sem VM skipar, skipta með sér fulltrúum í starfsnefndum á vegum ASÍ og hafa reglulega upplýsingamiðlun sín á milli.

Félögin funda reglulega til að fara yfir stöðu mála og samræma stefnu sína í hinum mörgu málum sem þarf að taka afstöðu til á vettvangi ASÍ og einnig sameiginleg málefni iðnaðarmanna. Það er stefna féлага með beina aðild að auka samstarfið og hugsanlega að formgera það betur til að auka vægi félaganna á vettvangi ASÍ.

Það er stefna Féлага með beina aðild að auka samstarfið og hugsanlega að formgera það betur til að auka vægi félaganna á vettvangi ASÍ.

Sjómannadagsráð

VM hefur lagt áherslu á að auka aðkomu félagsins að Sjómannadagsráði og hafa fulltrúar VM í ráðinu lagt áherslu á að vinna að nýrri framtíðarsýn fyrir Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Sú vinna er komin af stað og mun væntanlega verða til ýtarlegri umræðu næstu árin. Mjög slæm fjárhagsleg staða í rekstri mun væntanlega hafa mikil áhrif á þá framtíðarsýn sem verður að móta sem fyrst. Staða öldrunarmála er vægast sagt slæm og vandséð hvernig undið verður ofan af þeim rekstrarlega vanda sem Sjómannadagsráð ber ábyrgð á. Fulltrúar VM í Sjómannadagsráði kjósa sér formann sem er talsmaður félagsins í ráðinu. Formaður er Sigurður Ólafsson en hann situr einnig í stjórn Sjómannadagsráðs fyrir VM. Af því samfélagið virðist loka á mjög alvarlega stöðu öldrunarmála á Íslandi er það enn mikilvægara að VM beiti sér í þessum málum.

Sjómannadagsráð á og rekur Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, Happraetti DAS, orlofssvæðið að Hraunborgum Grímsnesi, Naustavör ehf. og Laugarásbíó sem leigt er til Kvikmyndahússins ehf.

Jafnframt er Sjómannadagsráð aðili að fulltrúaráði hjúkrunarheimilanna Skjól's og Eirar.

Sjómannadagsráð annast hátíðarhöldin á sjómannadaginn í Reykjavík sem aðili að Hátíð hafsins og gefur út Sjómannadagsblaðið.



Viðurkenning á Sjómannadaginn 2015

Neistinn

Tryggingamiðstöðin hf. og VM- Félag vélstjóra og málmæknimanna, veittu í tuttugasta og þriðja sinn viðurkenningu fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf.

Viðurkenninguna hlaut að þessu sinni Gunnar Sigurðsson, yfirvélstjóri á Málmey SK 1.

Heiðrun á sjómannadaginn í Reykjavík

Að venju tilnefndi VM fulltrúa til heiðrunar á sjómannadaginn. Bjarni Sveinbjörnsson var heiðraður af Sjómannadagsráði 2015. Bjarni starfaði sem vélstjóri hjá Hafrannsóknarstofnun frá 1976 þar til hann lauk þar störfum vegna aldurs. Bjarni lést 10. janúar 2016.

Nefndir VM vegna sjávarútvegs

Fulltrúar VM í nefndum og ráðum vegna sjávarútvegs:

- Undanþágunefnd.
- Mönnunarnefnd.
- Fagråd siglinga.
- Úrskurðanefnd sjómanna og útvegsmanna um fiskverð.
- Verkefnastjórn um öryggismál sjófarenda.
- Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar.
- Í starfshópi um endurnýjun skipastóls Hafrannsóknarstofnunar.





Út frá þessari vinnu hefur Fagnefnd sjómanna hjá VM mótað forsendu fyrir fyrirkomulagi og sjálfvirknibúnaði sem þarf að vera til staðar svo forsendur séu fyrir því að veita heimild um frávik.

Mönnunarnefnd

Aðal verkefni nefndarinnar hefur verið að vinna forsendur fyrir frávik frá mönnun vélstjóra á fiskiskipum. Fjöldmargir fundir hafa verið haldnir og búið er að úrskurða um forsenduákvæði fyrir uppsjávarskip. Enn eiga útgerðirnar eftir að uppfylla ákvæði, þar sem kallað er eftir ýtarlegum upplýsingum frá þeim. Þá fyrst verður hægt að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi frávik frá mönnun.

Nefndarmenn hafa farið í vettvangsskoðanir í skip sem sótt hefur verið um frávik frá mönnun. Átt skýrslufundi með vélstjórum og farið yfir búnað skipanna. Út frá þessari vinnu hefur Fagnefnd sjómanna hjá VM mótað forsendu fyrir fyrirkomulagi og sjálfvirknibúnaði sem þarf að vera til staðar svo forsendur séu fyrir því að veita heimild um frávik. Ein af forsendunum er að eingöngu sé um tímabundið frávik að ræða en ekki varanlegt þannig að ef forsendur breytast þá sé hægt að taka málið upp aftur. Óæskileg afskipti útgerða af þessari vinnu eru mjög bagaleg og endurspeglar það breytta umhverfi sem er að koma í sjávarútveginn á öllum sviðum. Hjá þessum aðilum er ekkert til sem heitir málamiðlun eða fagleg vinnubrögð. Það er bara ein leið til lausnar og það er þeirra leið og allir skulu beygja sig undir hana.

Undanþágufnd

Nýjar starfsreglur undanþágufndar frá 1. janúar 2011 þröngja mjög að veitingu undanþága. Margir vélstjórar hafa farið í að ljúka sveinsprófi og sækja sér viðbótarréttindi og er gefið ákveðið svigrúm fyrir þá einstaklinga. Vegna mikillar fækkunar á skipum og stöðugildum í fiskiskipaflotanum er allur samanburður á undanþágum á milli undanfarinna ára mjög erfiður og í raun ekki marktækur. Hefur t.d. umsókn um undanþágur fyrir vélstjóra fækkað úr 734 árið 2007 í 151 umsóknir 2015. Samþykktum umsóknum um undanþágur hefur fækkað úr 685 árið 2007 í 125 árið 2015.

Sex undanþágur voru í gildi 24. mars 2016, flest allar á þeim forsendum að viðkomandi sé að sækja sér réttindi í stöðuna og eða vantar siglingatíma. Á heimasíðu VM er hægt að nálgast ársskýrslur undanþágunefndar.

Úrskurðarnefnd um fiskverð

Úrskurðarnefnd um fiskverð fundar einu sinni í mánuði og tekur ákvörðun um fiskverð á þeim tegundum sem kjarasamningur sjómanna kveður á um. Reiknimódelið sem upphaflega var útbúið virkar orðið mjög illa vegna breyttra forsenda og seinagangi á tölulegum upplýsingum frá opinberum stofnunum.

Sjómenn skilja oft ekki fiskverðsákvörðun nefndarinnar, enda ekki furða þegar verð nefndarinnar eru borin saman við afurða- og markaðsverð. Þessu fyrirkomulagi verður ekki breytt nema í næstu kjarasamningum sjómanna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Þetta er erfið barátta þegar einn og sami aðilinn hefur veiðar, vinnslu og afurðarsölumálin á sömu hendi.

Stjórnvöld halda Verðlagsstofu skiptaverðs í fjársvelli sem gerir allt eftirlit óframkvæmalegt. Verðlagning á uppsjávarfiski er alfarið á forsendum útgerðanna sem yfir þeim veiðiheimildum ráða.

Lífeyrissjóðir félagsmanna VM

VM á fulltrúa í fulltrúaráðum lífeyrissjóða félagsmanna og stjórnar- og varamenn í stjórnnum þeirra.

Flestir félagsmenn eru í Sameinaða lífeyrissjóðnum og Gildi lífeyrissjóði, auk þess sem félagsmenn eru dreifðir í marga lífeyrissjóði um allt land.

Sameinaði Lífeyrissjóðurinn

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM 11 fulltrúa.

Gylfi Ingvarson situr í aðalstjórn sjóðsins fyrir VM.

Samúel Ingvason situr í varastjórn sjóðsins fyrir VM.

Gildi lífeyrissjóður

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM 5 fulltrúa.

Guðmundur Ragnarsson er varamaður í stjórn fyrir VM.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM 1 fulltrúa.

Friðrik Björgvinsson situr í varastjórn fyrir VM og

í innri endurskoðunarnefnd sjóðsins.

Flestir félagsmenn eru í Sameinaða lífeyrissjóðnum og Gildi lífeyrissjóði, auk þess sem félagsmenn eru dreifðir í marga lífeyrissjóði um allt land.

Það er stefna Félaga með beina aðild að auka samstarfið og hugsanlega að formgera það betur til að auka vægi félaganna á vettvangi ASÍ.

Erlent samstarf

Evrópska iðnaðarsambandið (IndustriAll) og Industri i Norden (IN)

VM er aðili að IndustriAll og IN ásamt Samiðn í gegnum samstarfsfélagið IIF (Icelandic Industry Federation). Tilgangur félagsins er að eiga samstarf um sameiginlega aðild og virkni í Norðurlanda, Evrópu og alþjóðlegu samstarfi. VM hefur vakt að starfsemi IndustriAll en Samiðn IN og skipta félögin kostnaði. Árið 2014 voru gerðar breytingar á stjórnskipulagi IndustriAll og á Ísland nú aðeins eitt sæti í framkvæmdastjórn en hafði áður tvö. Mikið upplýsingaflæði er í tölvupóstum frá samböndunum og mjög fróðlegt að fylgjast með þróun mála í Evrópu.

Alþjóðlega flutningaverkamannasambandið (ITF)

VM er félag innan ITF. Árni Bjarnason forseti FFSÍ sinnir málefnum ITF og er stjórnarmaður í fiskimannadeild ITF. VM fylgist með málum fiskimanna í gegnum Árna á þessum vettvangi auk þess sem mikið af upplýsingum koma frá samtökunum í tölvupósti.

Norræna Vélstjórásambandið (NMF)

Norræna Vélstjórásambandið fundar tvisvar á ári. Þessir fundir eru mjög fræðandi um málefni vélstjóra á sjó. Hluti af þeirri undirbúningsvinnu sem var gerð vegna boðunar vinnustöðvunar á kaupskipum var gerður með aðstoð og á fundum NMF, sem skilaði sér í umtalsverðum kjarabótum í síðustu kjarasamningum vélstjóra á kaupskipum með boðun vinnustöðvunar hér á landi.

Fræðslu- og menntamál VM

Hlutverk VM á sviði menntamála er að efla félagslega og faglega þekkingu félagsmanna og vinna að framgangi og þróun fagnáms þeirra. Fagnámið á að gefa sem mesta möguleika á vinnumarkaði og til áframhaldandi náms, auk þess sem félagsmenn eiga að hafa aðgang að markvissri endurmenntun. Félagið vinnur að þessum markmiðum með því að reka öflugan fræðslusjóð og taka þátt í starfsemi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og menntastofnana sem stuðlar að þróun fagnámsins og endurmenntunar. VM á fulltrúa í starfsgreinaráði, fagráði Véltekniskólans, stjórn og sviðsstjórn IÐUNNAR fræðslumiðstöðvar og menntanefnd ASÍ.

Helstu verkefni félagsins undanfarið á sviði menntamála er viðleitni félagsins við að koma á nemaþlássum um borði í skipum, samstarf við Samtök atvinnulífsins og Tækniskólann um nýja námskrá fyrir stálsmiði ásamt þátttöku í vinnu vegna Hvítbókar menntamálaráðherra um umbætur í menntun. Félagið átti frumkvæði að því að gerður var samningur um nemaþláss á skipum milli sjómannafélaganna, útgerðarmanna og skóla. Nánari útfærsla er nú í höndum Samgöngustofu og Tækniskólans. Að frumkvæði SA hófst vinna við nýja námsbraut í stálsmiði og málmsuðu. Segja má að þarna sé verið að máta útfærslu á iðnnámi með hliðsjón af þeim veruleika að bóknámsbrautir eru nú 3ja ára nám en iðnnám fjögurra ára nám. Í framhaldinu þarf svo að horfa til útfærslu á meistaranámi. Vinnu við áætlanir á grundvelli Hvítbókar er ekki lokið. Segja má að allt nám á framhaldsskólastigi sé enn í deiglu og endanleg mynd ekki komin þó margt hafi verið rætt og ritað. Undirliggjandi í umræðunni eru áform um að stytta nám til stúdentsprófs í þrjú ár en það gerir fjögurra ára iðnnám minna eftirsóknarvert nema það gefi góða möguleika á vinnumarkaði auk möguleika á framhaldsnámi. Í þessari vinnu hefur VM ítrekað bent á að ekki náist árangur í starfsmenntamálum nema tryggðir verði fjármunir til að framkvæma þær tillögur sem koma fram hverju sinni.



Starfsgreinaráð í málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum

Eftir síðustu breytingar á lögum á þann veg að skólar skuli útfæra námsbrautir er eitt helsta verkefni starfsgreinaráða að fara yfir námsbrautalýsingar sem skólar senda ráðunum. Um önnur verkefni þeirra s.s. eftirlit með vinnustaðnámi er enn óvissa. Einhver misbrestur virðist vera á því að ráðunum berist beiðnir um að skoða námsbrautarlýsingar en ráðinu bárust þó drög að námsbraut fyrir sameinað nám í vélstjórn-B og vélvirkjun frá tveim skólum. Nálgun og framsetning var mjög mismunandi og skólarnir ekki sammála um útfærslu, þannig að ráðið var í nokkrum vanda.

Umsjón með rekstri og vistun starfsgreinaráðsins hefur undanfarið verið hjá VM, en það var bráðabirgðaráðstöfun frá því ákveðið var að vista ráðið ekki hjá IÐUNNI. Í lok ársins var gengið frá samningi milli Menntamálastofnunar og Samtaka iðnaðarins (SI) um að SI visti ráðið og hafi umsjón með rekstri þess. Má þá segja að óvissuástandi sem hefur ríkt undanfarið um tilgang, vistun og rekstur ráðsins sé lokið og umfang starfseminnar verði mun minni en áður þegar starfsgreinaráðin höfðu yfrumsjón með gerð námsbrauta- og áfangalýsinga.

Menntanefnd ASÍ

Hlutverk menntanefndar ASÍ er að hafa frumkvæði að stefnumótun ASÍ á sviði menntamála og fylgja eftir samþykktum miðstjórnar. Starf ASÍ á sviði menntamála byggir á þeirri sýn að líta skuli á menntakerfið sem eina heild og að tryggja skuli öllum tækifæri til menntunar óháð efnahag, búsetu og félagslegri stöðu. ASÍ hefur þurft að hafa sig nokkuð í frammi til að koma viðhorfum launamanna og málum varðandi starfsmenntun að við vinnu vegna Hvítbókar um menntamál. Málefni Félagsmálaskóla alþýðu (FMA) og Mímis-símenntunar eru á könnu nefndarinnar. FMA rekur fræðslu- og útgáfustarfsemi fyrir talsmenn aðildarsamtakanna. Mímir starfar á sviði full-orðinsfræðslu og starfsmenntunar með það að markmiði að bjóða upp á nám fyrir fullorðna, þróa

Fjármál FMA voru nokkuð til umræðu þar sem framlag ríkisins til fræðslunnar hefur verið skorið niður þ.a.l. stjórn FMA var nauðbeygð til að hækka námskeiðsgjöld, enda hafði námskeiðshaldið verið rekið með halla undanfarið þar til eigið fé var svo til uppuríð.

námsleiðir og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Utanumhald um félagsmálafræðsluna er á skrifstofu Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA) í Sætúni, þar sem hluti starfanna er unnin af starfsmönnum ASÍ. Fjármál FMA voru nokkuð til umræðu þar sem framlag ríkisins til fræðslunnar hefur verið skorið niður þ.a.l. stjórn FMA var nauðbeygð til að hækka námskeiðsgjöld, enda hafði námskeiðshaldið verið rekið með halla undanfarið þar til eigið fé var svo til uppuríð.

Skólamál

Nemar í vél- og málmæknari og netagerð

Ellefu skólar á landinu bjóða nám í vélstjórn, málmíðnum og netagerð.

Útskrifaðir nemar úr vél- og málmækninámi

Nokkuð er um að skólar keyri sameiginlegt grunnnám fyrir vélstjórnar- og málmæknibrautir og málmæknari og bifvélavirkjun.

Nám	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013	Árið 2012
Vélstjórn vélaverðir	64	41	61	93
Vélstjórn A-nám	49	31	22	34
Vélstjórn B-nám	19	18	29	25
Vélstjórn C-nám	2	2	5	1
Vélstjórn D nám	51	44	40	40
Grunndeild málmíðna	51	40	54	97
Rennismíði	16	17	12	5
Stálmíði	10	7	14	
Vélvirkjun	71	73	51	30
Netagerð		2		2
Blikksmíði	6			
Samtals:	339	275	288	327

Skráðir nemendur á vorönn

Nemendur á vélstjórnarbrautum eru skráðir á viðkomandi brautir og mismunandi er hve langt þeir eru komnir.

Nám	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013
Vélstjórn vélaverðir	12	14	13	35
Vélstjórn A-nám	98	89	108	94
Vélstjórn B-nám	83	82	66	78
Vélstjórn C-nám	9	11	11	16
Vélstjórn D-nám	163	162	172	170
Grunndeild málmíðna	392	201	198	313
Rennismíði	8	27	7	23
Stálsmíði	15	26	11	11
Vélvirkjun	61	130	80	111
Netagerð		10		8
Samtals:	841	752	666	859

Útskrifaðir sveinar í málmtæknigreinum og netagerð

IÐAN fræðslusetur annast móttöku gagna og skráningu námssamninga og sveinsprófa fyrir málmíðngreinar og netagerð auk margra annarra löggiltra iðngreina. Fræðslusetrið annast einnig ýmsa þjónustu fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir. Alls útskrifuðust 100 sveinar í málmíðngreinum og netagerð á árinu 2015 og skiptast eftir iðngreinum sem hér segir:

Iðngrein	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013	Árið 2012	Árið 2011	Árið 2010
Blikksmíði	8	5	1	5	1	4
Netagerð	2	2	1			
Rennismíði	10	4	3	9	5	4
Stálsmíði	5	4	15	12	2	1
Vélvirkjun	75	76	61	49	79	59
Samtals:	100	91	81	75	87	68

IÐAN fræðslusetur annast móttöku gagna og skráningu námssamninga og sveinsprófa fyrir málmíðngreinar og netagerð auk margra annarra löggiltra iðngreina. Fræðslusetrið annast einnig ýmsa þjónustu fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir.



Námssamningar

Á árinu 2015 voru 139 námssamningar í málmíðngreinum og netagerð staðfestir.

Námssamningarnir skiptast þannig eftir iðngreinum:

Iðngrein	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013	Árið 2012	Árið 2011	Árið 2010
Blikksmíði	18	5	4	9	1	3
Netagerð	4	4	3	4	2	0
Rennismíði	11	11	8	10	3	4
Stálsmíði	10	10	11	15	10	4
Vélvirkjun	96	96	100	60	66	73
Samtals:	139	126	126	98	82	84

Styrkir til útskriftarnema

VM hefur reynt að stuðla að aukinni menntun í vél- og málmæknigreinum með því m.a. að benda á mikilvægi þeirra starfa í þjóðfélaginu og nauðsyn þess að fjölga nemum í þeim greinum.

Jafnframt hefur VM bent á nauðsyn þess að bæta námsaðstöðu nemenda og kennara í verk-námsgreinum og að verknám og bóknám njóti sömu áherslu í skólakerfinu.

Styrkir til nema á útskriftarári í vél- og málm-tæknigreinum eru viðleitni í þá átt. Árið 2015 voru veittir 10 styrkir að upphæð 100.000 kr. hver. Auglýst er eftir umsóknum í janúar til febrúar ár hvert.

Dregið er úr innsendum umsóknum.

Verðlaunaafhending iðnaðarmannafélags Reykjavíkur 2016

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík stóð fyrir tíundu nýsveinahátíðinni þann 6. febrúar sl. Hátíðin var að vanda haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur að viðstöddum forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssyni, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiði Elínu Árnadóttur, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, Sóleyu Tómasdóttur, verðlaunahöfum, meisturum þeirra og fjölda gesta.

Í þetta sinn voru 23 nýsveinar verðlaunaðir, 16 fengu silfurverðlaun og 7 bronsverðlaun. Átta konur hlutu verðlaun að þessu sinni. Meistarar nýsveina hlutu viðurkenningu. Styrktaraðilar hátíðarinnar voru að þessu sinni Háskólinn í Reykjavík, Alcoa Fjarðarál, Icelandair Hotels, Íslensk verðbréf og Landsbankinn.

Tveir rennismiðir og einn vélvirki hlutu verðlaun.

Sveinarnir koma úr 14 iðngreinum og stunduðu nám við sjö framhaldsskóla.

Hjalti Einarsson, vélvirkjameistari var útnefndur heiðursiðnaðarmaður IMFR 2016.

Málm- og véltækni svið IDUNNAR fræðsluseturs

VM er aðili að IDUNNI fræðslusetri sem hefur það hlutverk að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. Málm- og véltækni svið IDUNNAR fer með málefni vél- og málm-iðnaðarins. Tveir fulltrúar VM sitja í stjórn sviðsins.

Auk hefðbundins námskeiðahalda sækja fyrirtæki í auknum mæli til IDUNNAR með óskir um þjálfun á ákveðnum sviðum. Einnig er töluvert um að starfsmenn sviðsins veiti ráðgjöf og aðra aðstoð, sérstaklega varðandi suðumál, bæði í gegnum síma og í fyrirtækjum.

Á árinu 2015 hélt Málm- og véltækni svið IDUNNAR eftirtalin námskeið:

	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Autocad/ Inventor	5	18
Undirbúningur f. sveinspróf í vélvirkjun	4	33
Iðntölvustýringar	2	13
Suðunámskeið	3	16
Suðusmiðja	1	12
Suðupjálfun í fyrirtækjum	13	22
Vökvatækni	3	28
Málstofur í málm-suðu	4	134
Samtals:	35	276

Í þetta sinn voru 23 nýsveinar verðlaunaðir, 16 fengu silfurverðlaun og 7 bronsverðlaun.

Grunnrétturinn ásamt uppsöfnuðum rétti gefur rétt til styrkja sem nema 60% af námskostnaði við tómstundanám og 75% af kostnaði við fagnám.

Sjóðir VM

Fræðslusjóður VM

Við stofnun VM var lögð áhersla á að koma á fót öflugum fræðslusjóði sem veitt gæti félagsmönnum rétt til umtalsverðra styrkja til að greiða niður námskostnað þeirra sem vilja sækja sér aukna þekkingu og færni. Allir félagsmenn, sem greitt hafa félagsgjald í 6 mánuði, eiga grunnstyrk að upphæð kr. 100.000. Að auki safna þeir kr. 25.000 á ári. Hámarksréttur er kr. 225.000. Grunnrétturinn ásamt uppsöfnuðum rétti gefur rétt til styrkja sem nema 60% af námskostnaði við tómstundanám og 75% af kostnaði við fagnám.

Þeir félagsmenn sem atvinnurekendur greiða sérstaklega af í fræðslusjóð VM, vegna ákvæða þar um í kjarasamningi eða samkvæmt persónubundnum samningi, eiga rétt á viðbótarstyrk. Miðað er við að greiðslur vinnuveitanda nemi 1,1% af heildarlaunum starfsmanns. Viðbótarstyrkurinn nemur kr. 50.000 á ári og geta rétthafar safnað rétti í allt að fjögur ár. Viðbótarstyrkurinn er sérstaklega ætlaður til fagnáms og starfsþróunar.

Árið 2015 fengu 303 félagsmenn VM alls 351 styrk, sem skiptast á eftirfarandi hátt:

	2015		2014		2013	
	NÁM/NÁMSKEIDFjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Fagnámskeið	16	605.628	24	1.210.152	22	708.588
Ferðastyrkir	31	1.506.440	9	202.201	13	321.276
Framhaldsskólanám	156	6.807.673	132	5.079.465	96	2.582.938
Háskólanám	26	1.893.657	43	2.945.800	21	792.200
IÐAN fræðslusetur	17	959.355	10	264.539	9	226.106
Landsbjörg	34	1.528.650	53	2.744.013	45	1.843.100
Meirapróf	25	1.879.333	20	1.342.700	18	859.200
Persónuleg færni	5	373.375	11	369.106	8	347.000
Tómstundanám	28	675.487	20	551.780	31	726.500
Tungumálanám	11	357.090	9	432.764	13	337.300
Tölvunám	2	208.750	11	504.200	4	189.500
Vinnuvélapróf			3	93.750		
Samtals:	351	16.795.438	345	15.740.470	280	8.933.708

Styrktar og sjúkrasjóður VM

Á meðfylgjandi töflum má sjá þróunina á greiðslu dagpeninga og styrkja úr sjóðnum á síðustu þremur árum og ánægjulegt er að félagsmenn eru í auknum mæli að nýta sér sinn rétt.

GREIÐSLUR ÚR STYRKAR- OG SJÚKRASJÓÐI 2013-2014-2015

2013

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEDALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	112	149.735.922	1.336.928
SJÚKRAÞJÁLFUN	223	5.895.761	26.438
SJÓNGLER OG LINSUR	143	5.673.175	39.673
HEYRNARTÆKI	31	3.866.454	124.724
FRJÓSEMISMEÐFERÐ	12	1.395.770	116.314
ÚTFARARSTYRKUR	29	6.850.000	236.207
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	411	7.325.361	17.823
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA (NÝTT INN Í MAÍ 2013)	136	3.897.023	28.655
FÆÐINGARSTYRKUR (NÝTT INN Í MAÍ 2013)	31	3.200.000	103.226
AÐRIR STYRKIR	286	7.068.991	24.717
SAMTALS:	1.414	194.908.457	137.842

2014

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEDALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	116	156.522.357	1.349.331
SJÚKRAÞJÁLFUN	220	7.191.791	32.690
SJÓNGLER OG LINSUR	144	6.233.445	43.288
HEYRNARTÆKI	37	4.531.452	122.472
FRJÓSEMISMEÐFERÐ	4	886.401	221.600
ÚTFARARSTYRKUR	23	6.000.000	260.870
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	408	8.192.334	20.079
LÆKNISÞJÓNUSTA	175	4.196.260	23.979
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	189	5.268.689	27.877
FÆÐINGARSTYRKUR	59	5.900.000	100.000
AÐRIR STYRKIR	144	2.775.531	19.275
SAMTALS:	1.519	207.698.260	136.734

2015

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEDALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	120	185.995.906	1.549.966
SJÚKRAÞJÁLFUN	211	7.463.235	35.371
SJÓNGLER OG LINSUR	140	6.675.713	47.684
HEYRNARTÆKI	31	4.523.298	145.913
FRJÓSEMISMEÐFERÐ	8	1.568.795	196.099
ÚTFARARSTYRKUR	30	7.500.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	396	8.348.141	21.081
LÆKNISÞJÓNUSTA	216	5.180.495	23.984
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	239	7.123.673	29.806
FÆÐINGARSTYRKUR	64	6.800.000	106.250
AÐRIR STYRKIR	138	2.937.767	21.288
SAMTALS:	1.593	244.117.023	153.244

Orlofssjóður VM

Samanburður á nýtingu húsa/íbúða félagsins frá 2007 - 2015.

Eins og á sést á meðfylgjandi töflum er ágætis nýting á húsum félagsins en þó misjafnt eftir stöðum. VM hefur lagt metnað sinn í að gera upp húsin og samræma innbú og þjónustu á milli staða eins og kostur er .

ORLOFSHÚS 2007 - 2015

SUMARNÝTING (01.06. - 15.09)	ÁR	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
HÚSAHÓPAR	%	59,36	53,49	65,97	68,58	68,44	79,58	80,91	71,53	66,48
00-RVÍK Reykjavík, Skúlagata		90,65	90,65	89,72	93,46	97,20	99,07	91,30	94,39	89,72
01-RVÍK Mánatún í Reykjavík		0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	97,82	96,10	96,26	89,10
10-ÖLFUS Ölfusborgir við Hveragerði		75,00	31,78	61,99	57,32	60,12	66,67	99,50	64,80	56,70
20-BLÁSK Syðri-Reykir Bláskógabyggð		88,00	86,92	92,52	89,25	88,79	86,45	92,93	95,33	87,38
24-BLÁSK Laugarvatn - húsvarðarhús		57,94	61,68	78,50	81,31	71,03	81,31	93,48	86,92	0,00
25-BLÁSK Laugarvatn - stór raðhús		81,78	75,70	87,85	79,91	88,32	84,11	86,96	78,50	75,23
26-BLÁSK Laugarvatn - lítil hús (raðhús)		44,76	39,95	51,40	71,03	67,64	63,32	74,70	55,96	48,95
27-BLÁSK Laugarvatn sérhús með potti		80,00	71,50	86,45	81,78	88,79	90,65	94,56	83,18	82,24
29-BLÁSK Laugarvatn sérhús keðja		6,54	0,00	81,31	83,18	84,11	88,79	88,04	85,98	78,50
30-KIRKJ Kirkjubæjarklaustur		66,36	71,96	76,64	81,31	69,16	86,92	91,30	71,03	68,22
31-KIRKJ Kirkjubæjarklaustur gæludýr		71,96	74,77	71,03	77,57	70,09	90,65	93,48	74,77	70,09
40-KLIFA Klifabotn í Lóni		74,77	70,09	85,98	74,77	80,37	85,98	69,57	75,70	61,68
51-ÚLFS Úlfsstaðir		75,70	65,42	89,72	78,50	58,88	74,77	93,48	78,50	89,72
60-ILLUG Illugastaðir		75,24	85,05	86,92	90,65	90,65	81,31	93,48	89,72	81,31
70-FURUL Furulundur á Akureyri		94,37	83,49	90,34	82,24	93,15	87,85	98,18	94,08	97,82
90-SVIGN Svignaskarð í Borgarfirði		82,35	82,71	90,65	91,12	86,45	92,06	92,93	92,99	81,78
SJUK Sjúkraíbúð		0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	46,73	61,96	36,45	65,42
15-GRÍMS Hraunborgir		60,75	79,53	94,57	100,00	94,57	91,30	0,00	0,00	71,96
80-FLÓKA Flókalundur		83,33	80,00	100,00	100,00	100,00	100,00	80,00	32,71	32,71
50-EINAR Einarsstaðir á Héraði		75,70	78,50	96,26	85,05	71,96	78,50	85,87	87,85	71,03
61-ILLUG Illugastaðir leiguhús		71,96	71,96	78,50	65,42	67,29	58,88	80,43	71,96	55,14
28-BLÁSK Laugarvatn - tjaldvagnastæði		2,31	19,49	17,69	28,46	25,64	20,63	20,13	8,50	9,32
99-VIKAV Vika að eigin vali		71,10	48,07	5,44	26,69	29,66	50,93	82,48	89,72	65,10

* Árið 2007 - 2010 voru 5 stæði * Árið 2011 voru 9 stæði * Árið 2012 voru 21 stæði * Árið 2015 voru 62 stæði

Öll hús sem eru í boði hjá VM eru með í þessu yfirliti.



ORLOFSHÚS 2007 - 2015

Nýting allt árið (01.01. - 31.12)	ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
HÚSAHÓPAR	%	39,62	42,51	48,1	52,53	53,48	56,27	57,73	52,49	52,74
00-RVÍK Reykjavík		82,9	81,22	90,66	87,91	83,84	85,36	88,22	87,12	81,37
01-RVÍK Mánatún í Reykjavík		0	0	0	0	0	87,55	91,32	90,68	86,76
10-ÖLFUS Ölfusborgir við Hveragerði		49,54	51,62	54,41	59,98	67,12	54,75	72,14	57,75	55,53
20-BLÁSK Syðri-Reykir Bláskógabyggð		52,11	57,3	60,39	61,41	61,74	60,79	63,01	59,18	62,19
25-BLÁSK Laugarvatn - stór raðhús		48,8	45,69	57,24	48,37	54,85	49,79	52,47	46,58	46,85
26-BLÁSK Laugarvatn - lítil hús (raðhús)		18,6	18,46	24,86	39,3	36,76	38,41	35,73	24,73	24,83
27-BLÁSK Laugarvatn sérhús með potti		45,28	52,12	55,25	51,53	58,59	64,55	62,05	56,85	51,51
29-BLÁSK Laugarvatn sérhús keðja		0	0	33,33	55,05	59,51	60,56	58,36	50,14	45,21
30-KIRKJ Kirkjubæjarklaustur		25,76	27,37	30,64	29,1	40,07	44,25	35,89	29,32	31,78
31-KIRKJ Kirkjubæjarklaustur gæludýr		27,15	25,42	29,61	36,18	34,29	39,83	36,98	32,08	46,3
40-KLIFA Klifabotn í Lóni		28,18	26,78	31,07	30,17	36,36	31,27	30,69	28,49	29,32
51-ÚLFS Úlfsstaðir		32,36	22,68	35,2	28,18	25,68	45,41	41,09	37,81	36,44
70-FURUL Furulundur á Akureyri		64,19	69,59	71,85	74,71	75,32	67,5	74,89	76,71	80,82
90-SVIGN Svignaskarð í Borgarfirði		43,88	51,82	60,6	57,95	50,43	57,16	55,21	55,62	53,56
SJUK Sjúkraíbúð		0	0	0	0	0	48,6	61,1	54,25	58,63

Athugasemdir: Dagar þar sem lokað er vegna viðgerða eru dregnir frá nýtingadögum. Þau hús sem eru lokað yfir veturinn eru ekki með í þessu yfirliti.

Virk - Starfsendurhæfingarsjóður

Frá 1. ágúst 2009 hefur VM, verið í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða fólk sem lendir í fjarveru frá vinnu vegna veikinda eða slysa. Félagsmönnum VM stendur þessi þjónusta til boða ef starfshæfni þeirra er skert vegna veikinda eða heilsuþrestra. Þeir sem telja sig þurfa á þessari þjónustu að halda geta pantað sér tíma hjá ráðgjöfum VM í starfsendurhæfingu. Á Stórhöfða eru starfandi þrír ráðgjafar, Hlín Guðjónsdóttir, Raket Björk Gunnarsdóttir, Ester Lára Magnúsdóttir og Sigurður Þór Sigursteinsson, Raket er í fæðingarorlofi. Ráðgjafar sinna hefðbundinni starfsendurhæfingu en auk þess eru Hlín og Sigurður í sérverkefnum tengdum geðheilbrigðisþjónustu á vegum VIRK. Sigurður hefur viðveru einu sinni í viku á Kleppsspítala.

Tilgangur þjónustu VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa ráðgjöf sem snýr að starfsendurhæfingu og krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings. Þjónustan er ferli sem felur í sér greiningu á stöðu og möguleikum eftir verkferlum VIRK. Tilvísun frá heimilislækni / meðhöndlandi lækni er forsenda þjónustu.

Markmið starfseminnar er að efla færni og vinnugetu til að draga úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Áhersla er lögð á að efla virkni einstaklingsins, auka vinnugetu og varðveita vinnusamband, ef það er til staðar. Einnig hefur verið lögð áhersla á að skoða þá þætti í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á starfsgetu einstaklingsins til að aðstoða hann við að viðhalda vinnugetu sinni og þá möguleikum á að vera virkur á vinnumarkaði.

Á árinu 2015 voru 112 ný einstaklingsmál skráð í þjónustu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða 27. Sama ár útskrifuðust 78 einstaklingar úr þjónustu. Heildarfjöldi í þjónustu í lok árs 2015 voru 120 einstaklingar.

Þegar horft er til framfærslu þeirra einstaklinga sem koma inn í þjónustu til ráðgjafa eru 51 % þeirra með laun á vinnumarkaði eða fá sjúkradagpeninga frá stéttarfélagi. Við útskrift eru 65% sem fara í launaða vinnu, atvinnuleit eða lánshæft nám.

Styrkir til hjálparsamtaka

2015 styrkti VM hjálparsamtök fyrir jólin eins og undanfarin ár. Að þessu sinni fékk Hjálparstofnun kirkjunnar 500.000 kr., Mæðrastyrksnefnd 400.000 kr. og samstarf hjálparstofnana á Akureyri 200.000 kr.

Akkur

Árið 2014 skilaði nánast engri ávöxtun á sjóði Akks og var styrkum því ekki úthlutað árið 2015. Stjórn Akks skipa: Ólafur Grétar Kristjánsson formaður, Páll Magnússon og Steingrímur Haraldsson. Varamenn í stjórn Akks eru Guðmundur Ragnarsson, Jón Jóhannsson og Einar Hilmarrson. Páll Magnússon lést í ágúst 2015.

Stjórnir - nefndir og ráð sem starfsmenn VM skipa

Þessar upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins vm.is

Lykiltölur úr rekstri VM árið 2015 (birt með fyrirvara)

Rekstrarreikningur 2015

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður
Rekstrartekjur					
Félagsgjöld og iðgjöld	446.472.654	182.414.405	56.429.970	6.300.713	201.327.566
Aðrar tekjur	44.586.509	18.200.759	26.385.750		
	491.059.163	200.615.164	82.815.720	6.300.713	201.327.566
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld	102.499.706	102.499.706		0	
Almennur rekstrarkostnaður	87.860.882	82.026.444		176.438	5.658.000
Aðildargjöld til ASÍ	14.971.886	14.971.886			
Þóknun til (frá) öðrum sjóðum	0	(34.503.965)	8.464.496	5.906.712	20.132.757
Bætur og styrkir	261.403.961			17.286.938	244.117.023
Rekstur orlofshúsa og íbúða	68.443.425		68.443.425		
Afskriftir	25.598.834	6.116.173	16.308.508	964.278	2.209.875
	560.778.694	171.110.244	93.216.429	24.334.366	272.117.655
Rekstrarhagnaður (-tap)	(69.719.531)	29.504.920	(10.400.709)	(18.033.653)	(70.790.089)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	129.547.176	52.108.143	(242.804)	14.890.927	62.790.910
Lagt í Vinnudeilusjóð		(9.120.720)			
Afkoma ársins	59.827.645	72.492.343	(10.643.513)	(3.142.726)	(7.999.179)

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður
Eignir sjóða alls	3.099.782.467	1.833.476.372	313.143.532	193.747.806	759.414.757
Krafa á aðra sjóði	(799.257.951)			(158.017.000)	(641.240.951)
Eignir samtals	2.300.524.516	1.833.476.372	313.143.532	35.730.806	118.173.806
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Vinnudeilusjóður	259.724.933	259.724.933			
Akkur, styktar- og menningarsjóður	200.451.583	200.451.583			
Minningsjóður VM	2.704.001	2.704.001			
Óráðstafað eigið fé	1.714.535.657	837.715.634	(70.934.682)	193.747.679	754.007.026
Eigið fé samtals	2.177.416.174	1.300.596.151	(70.934.682)	193.747.679	754.007.026
Skuldir sjóða alls	922.366.293	532.880.221	384.078.214	127	5.407.731
Skuld við aðra sjóði	(799.257.951)	(435.620.385)	(363.637.566)		
Skuldir samtals	123.108.342	97.259.836	20.440.648	127	5.407.731
Eigið fé og skuldir samtals	2.300.524.516				

